

Fimmtudaginn 24. október 1974.

Nr. 182/1974: Valdstjórnin
 gegn
Þóri Þórisssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Erla Jónsdóttir, fulltrúi yfirsakaðómarans í Reykjavík.

Með kæru 15. október 1974, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar og samkvæmt 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber með hliðsjón af brotaferli ákærða að staðfesta úrskurðinn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. október 1974.

Ár 1974, þriðjudaginn 15. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var að Borgartúni 7 af Erlu Jónsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi:

Kærði, Þórir Þórisson, hefur í dag játað að hafa um síðustu mánaðamót farið inn í tvö hús hér í borginni og stolið þaðan peningum. Í dóminum liggur frammi yfirlit yfir afbrot kærða s.l. 4 ár. Á þeim tíma hefur hann framið 72 innbrot og þjófnaði, þar af

fimm innbrot og þjófnaði frá 14. september s.l. Kærði hefur hlotið refsidóm fyrir hluta af málum þessum, en enn er hluta þeirra ólokið. Þá er kærði grunaður um að hafa framið eftirfarandi brot:

2. ágúst 1975: Innbrot að Sóleyjargötu 29. Þjófnaður á 6 flöskum af víni og útvarpstæki.
25. ágúst 1974: Innbrot að Grænuhlíð 11 (sbr. mál 1363/1973), stolið 45.000.00 kr. og 45 \$.
9. september 1974: Innbrot að Oddagötu 8. Þjófnaður á 10 \$.
10. september 1974: Innbrot að Háuhlíð 20. Þjófnaður á 21.500.00 kr. og 40 dönskum krónum.
13. september 1974: Farið inn að Hringbraut 53. Þjófnaður á 50.000.00 kr., ávísanahefti, útfylltri ávísun og DM 100.00.
23. september 1974: Farið inn í hús við Tjarnargötu og stolið kvenveski og 500.00 kr.
25. september 1974: Innbrot að Nökkvavogi 26. Þjófnaður á 5 áfengisflöskum.
2. október 1974: Þjófnaður á peningum, kr. 100.000.00, frá Þórs-
götu 8.
5. október 1974: Innbrot að Bergstaðastræti 79. Þjófnaður á 2.400.00 kr. dönskum, skartgripum o. fl.
9. október 1974: Innbrot að Smáragötu 8A. Þjófnaður á 70.000.00.
14. október 1974: Þjófnaður að Hrisateigi 35. Þjófnaður á 70.000.00 ísl. kr., DM 100.00 og 100 sænskum krónum.

Með hliðsjón af brotaferli kærða og því, að hann hefur framið a. m. k. 5 innbrot á tæpum mánuði, þykir rétt, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga 73/1973 að úrskurða kærða til að sæta gæsluvarðhaldi, enda má ætla, að hann muni halda áfram brotum, ef hann er laus. Stefnt verði að því að ljúka málum hans á gæsluvarðhaldstímanum. Skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru ekki gæsluvarðhaldinu til fyrirstöðu, þar sem brot hans geta varðað hann fangelsisrefsingu, sbr. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Þórir Þórisson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum.